



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

Skólaárið 2024-2025



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Lýsing á starfsemi	1
3	Nemendur	2
3.1	Nýnemar	3
3.1.1	Grunnskólaeinkunnir	4
3.1.2	Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði	5
3.2	Útskriftarnemar	6
3.3	Námstími nemenda	6
3.4	Í hvaða háskólanám fara MH-ingar	7
3.5	Námsbrautir	9
3.5.1	Kjörgreinar á opinni braut	10
3.5.2	IB-braut	11
3.5.3	Fjölnámsbraut MH	12
3.6	Loknar einingar	13
3.6.1	Áfangar	13
3.6.2	Stöðupróf	14
3.7	Listdanssskólarnir	15
3.8	Menntaskóli í tónlist	16
3.9	Íslenska sem annað tungumál	16
3.9.1	Um útfærslu á ÍSAN2EE01 og áskoranir	16
3.10	Félagslíf nemenda	17
3.10.1	Gettu betur	18
4	Innviðir og þjónusta	18
4.1	Starfsfólk	19
4.1.1	Starfsánægja í MH	19
4.2	Kannanir	19
4.2.1	Utanaðkomandi kannanir sem nemendur tóku þátt í á skólaárinu	20
4.3	Fjármál	21
4.4	Náms- og starfsráðgjöf	21
4.4.1	Farsæld barna	22
4.5	Námsverið	23
4.6	Sálfræðingur	24

4.7	Hjúkrunarfræðingur	26
4.8	Bókasafnið	26
4.9	Kynningarmál	28
4.10	Samstarf við grunnskóla Reykjavíkur	28
4.11	Græn skref	29
4.12	Jafnréttismál	29
4.12.1	Jafnréttisstuðlar	29
4.12.2	Umsóknir um laus störf	30
4.13	Skjalamál	31
4.14	Persónuvernd í MH	32
4.15	Matsalan – Sómalía	32
4.16	Húsnæðið	32
5	Samantekt og umbætur	33
5.1	Verkefni skólaársins 2024-2025	33
5.2	Verkefni skólaársins 2025-2026	34
5.3	Aðgerðaáætlun til næstu ára	34

1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 110 starfsmenn og nemendur eru rúmlega 1000.

Í febrúar 2025 fór Steinn Jóhannsson rektor í leyfi í eitt ár og í kjölfarið urðu mannabreytingar í nokkrum stjórnunarstöðum. Helga Jóhannsdóttir tók við stöðu rektors, Guðmundur Arnlaugsson varð konrektor í stað Helgu, Alda Kravec tók við IB-stallarastöðu Guðmundar og tveir kennarar tóku að sér kennslu áfanga sem Guðmundur og Alda höfðu haft með höndum. Þessu fylgdi mikil vinna þar sem hluti verkefna var áfram hjá þeim sem sinntu þeim áður, ekki þótti ráðlegt að varpa öllum verkefnum yfir á nýja fólkið. Til dæmis reiknast IB-stallarastarfið 70% en Alda sinnti því í 50% starfshlutfalli á vorönn en fer í 70% á haustönn 2025.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsfólks, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans, s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur skólans, forstöðumaður námsvers, forstöðumaður bókasafnsins, skjalastjóri og annað starfsfólk. Yfirumsjón með sjálfsmati er í höndum konrektors sem að þessu sinni gegndi starfi rektors við gerð skýrslunnar.

2 Lýsing á starfsemi


Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis.

Hefðbundnu bóknámsbrautirnar hafa verið 6 talsins, þ.e. opin braut, náttúrufræðibraut, félagsfræðibraut, málabraut, listmenntabraut og listdansbraut. Námsbrautirnar hafa verið skipulagt og kennt í samstarfi við þrjá listdanskóla í Reykjavík. MH býður einnig upp á nám til alþjóðlegs stúdentsprófs á IB-braut, skv. námskrá samtakanna *International Baccalaureate Organisation* sem skólinn á aðild að ásamt um 5000 öðrum skólum í yfir 140 löndum. Auk stúdentsprófsbrautanna er starfrækt fjölnámsbraut en nemendur hennar útskrifast með framhaldsskólapróf eftir fjögurra ára nám. Nemendur á stúdentsbraut í Menntaskólanum í tónlist, MÍT, geta sótt bóklegt nám í MH en MÍT er einnig í samstarfi við aðra framhaldsskóla um bóklegt nám. Einingafjöldi á flestum brautum skólans er 205 einingar. Nánari upplýsingar um skipulag brautanna má finna á [vef skólans](#). Haustið 2024 innrituðust nýnemar á örlítið breyttar brautir þar sem aukið hafði verið við tungumálaáfanga á málabraut og kynjafræði eða umhverfisfræði gerðar að skyldufögum. Á móti hefur frjálst val minnkað.


Nemendur dreifast misjafnt á brautir. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut og má rekja vinsældir brautarinnar til þess að á henni velja nemendur sér sjálf kjörgreinar. Þau hafa frelsi til að hanna brautina eftir sínu áhugsviði, innan ákveðins ramma, sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám.

3 Nemendur

Um miðjan september 2024 var nemendafjöldi í MH 1000. Þar af voru 252 nýnemar og 42 innritaðir. Nemendur með stöðuna „innritaður“ eru eldri nýnemar sem koma úr öðrum skólum en ekki beint úr grunnskóla. Í byrjun febrúar 2025 var nemendafjöldinn 909 og þar af voru 42 innritaðir sem skiptu um skóla um áramótin.




Mynd 1 Vinnumat kennara miðast við nemendafjölda 3 vikum eftir að kennsla hefst.




Mynd 2 Nýnemunum á vorönn hefur fækkað undanfarin ár.

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja hvaða námsgreinar verða í aðalhlutverki í námi þeirra. Nemendur velja 3 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein umfram skylduáfangi, 20 í annarri og 15 í þeirri þriðju. Samsetning á kjörgreinum er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 7 áfanga í stærðfræði sem eru 35 einingar. Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 10 áfanga, sem eru samtals 50 einingar í íslensku.




3.1 Nýnemar

Haustið 2024 hófu 294 nýnemar nám við MH. Þetta voru 252 nýnemar beint úr grunnskóla og 42 eldri nýnemar úr öðrum skólum. Inn í þessum tölum eru 14 nemendur sem hófu nám á stúdentsbraut í MÍT haustið 2024 en ekki nemendur sem koma í skólann vegna sænsku- eða norskukennslu en þeir voru 69 haustið 2024.




Mynd 3 Nýnemar í MH eru nemendur sem koma beint úr 10. bekk og innritaðir eru nemendur sem koma úr öðrum framhaldsskólum. Inn í þessum tölum eru ekki nýnemar sem tilheyra MÍT. Tölur hausts 2025 miðast við þegar 3 vikur eru liðnar af kennslu haustannar.

Umsóknir grunnskólanema um skólavist í MH




Mynd 4 Í umsóknum fyrir haustið 2025 var í fyrsta skipti boðið upp á að velja þrjá skóla.



Mynd 5 Nýnemar skólans velja sér braut þegar þau sækja um skólavist og einu brautirnar sem hafa sérstök inntökuskilyrði eru listmenntabraut og IB-braut. Tölur haustannar 2025 miðast við þegar 3 vikur eru liðnar af haustönninni.

3.1.1 Grunnskólaeinkunnir

Nemendur sem sækja um skólavist eru í flestum tilvikum með mjög góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni meðal þeirra að komast inn.




Mynd 6 Grunnskólaeinkunnir nýnema haustannar 2024. Flokkurinn „Annað“ er notaður ef einkunn vantar, ef nemendur koma inn með undanþágu (mikið um það í dönsku) og ef einkunn kemur frá erlendum skóla.


Sex nýnemar haustannar 2024 eru með C í íslensku. Þrjú af þeim eru innrituð á IB-braut, fimm eru ekki með íslensku sem móðurmál og einn nemandi tók fornámsáfangar í fjarnámi sumarið 2024 og kom inn eftir að þeim áfanga var lokið.

3.1.2 Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði

Nemendur sem koma inn í skólann með A eða B+ í íslensku, ensku eða stærðfræði á grunnskólaprófi geta tekið tvöfalda hraðferð í þeim greinum. Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga og er hann 10 einingar. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem undirbúningur þeirra sé mjög góður og minna þurfi að rifja upp með þeim.




Mynd 7 Í þessum áföngum eru eingöngu nýnemar haustannar 2024 nema í ensku þar sem nokkrir eldri nemar úr MÍT eru með. Þetta eru lokaeinkunnir haustannar 2025 í þessum áföngum.



Mynd 8 Inn í þessum tölum eru allir sem ljúka áföngunum, bæði nýnemar og eldri nemendur, óháð því hvað þeir hafa tekið hvern áfanga oft.

3.2 Útskriftarnemar


Útskrifaðir nemendur á skólaárinu 2024-2025 voru samtals 196. Haustið 2024 útskrifuðust 65 nemendur og 130 í maí 2025.



Mynd 9 IB-nemendur og fjölnámsbrautarnemendur útskrifast eingöngu að vori.


3.3 Náms tími nemenda

Þegar stjórnendur ræða við nemendur um náms tíma þeirra til stúdentsprófs kemur iðulega fram mikil ánægja með að mega vera hér lengur en 3 ár. Þeim finnst ánægjulegt að geta lært meira, tekið þátt í stjórn NFMH og ýmsum ráðum og nefndum og fengið að þroskast á eigin hraða. Einnig þurfa þau rými til að sinna áhugamálum sínum eins og leiklist, tónlist og íþróttum. Eitt af markmiðum skólans er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á þremur árum eða 6 önnur. Það er spurning hversu lengi við eigum að halda okkur við það markmið þar sem hugmyndir nemenda um hversu hratt þau fara í gegnum skólann samræmast ekki því markmiði. Skólinn er fyrir nemendur og því væri eðlilegt að við hlustuðum meira á hvað þau vilja.



Mynd 10 Nemendur sem hófu nám haustið 2021 og útskrifuðust haustið 2024 luku náminu á þremur og hálfu ári en nemendur sem hófu nám haustið 2022 og útskrifuðust vorið 2025 luku því á þremur árum.

Þegar námstími nemenda í MH er skoðaður kemur í ljós að 66% nýstúdenta vorsins 2025 luku námi sínu í MH á þremur árum eða minna en 96% á fjórum árum eða minna. Haustið 2024 luku 88% nemenda námi sínu á þremur og hálfu ári eða minna. Nemendur sem eru skemur en þrjú ár í skólanum koma í flestum tilfellum úr öðrum skólum og hafa fengið einingar metnar inn í MH.




Mynd 11 Vorið 2025 var rétt rúmlega helmingur (52%) þeirra sem útskrifuðust á 19. aldursári, þ.e. fædd 2006.

3.4 Í hvaða háskólanám fara MH-ingar

Í lífsleikni útskriftarefna er lögð fyrir könnun þar sem nemendur svara því m.a. hvað þau hyggjast gera eftir að námi við MH lýkur. Könnunin gefur t.d. vísbendingar um hversu hátt hlutfall nemenda stefnir á nám erlendis eða hyggst jafnvel taka sér hlé frá námi.

Í hvaða háskóla ætlar þú að loknu stúdentsprófi?



Mynd 12 Könnun sem útskriftarefni vorsins 2025 svöruðu og reyndust 16% stefna á að taka sér fri frá skóla haustið 2025.

MH hefur leitað til háskólanna í landinu og fengið upplýsingar um hversu margir MH-ingar hafa sótt um nám í þeim. Nokkur dæmi eru sýnd hér.

Umsóknir í umsóknargátt HA	2024			2018-2024		
	Jákvætt svar	Innritast	Greiddu ekki	Jákvætt svar	Innritast	Greiddu ekki
Námsleið						
BEd-Kennarafræði, B.Ed.	2	2		4	3	1
BLÍ-Leikskólakennarafræði, með íslensku sem annað mál, B.Ed.						
FEL-Félagsvísindi, BA	1	1		4	3	1
FFJ-Fjölmiðlafræði, BA	0			4	2	2
HUV-Nútímafræði, BA	1	1		4	3	1
HJÚ-Hjúkrunarfræði, BS	12	9	3	51	35	16
ÍPB-Iðjuþjálfunarfræði, BS	4	3	1	13	10	3
LBA-Lögreglu- og löggæslufræði, BA	0			2	1	1
LFD-Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn, Grunndiplóma	6	6		33	28	5
LLD-Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn, Grunndiplóma	0			2	0	2
LÖG-Lögfræði, BA	2	2		12	11	1
SÁL-Sálfræði, BA	4	3	1	40	24	16
LFT-Líftækni, BS	1	1		5	4	1
SJB-Sjávarútvegsfræði, BS	0			2	1	1
VSF-Viðskiptafræði, BS	5	5		39	26	13
Samtals	38	33	5	215	151	64

Mynd 13 Umsóknir MH-inga í HA haustið 2024.

Skólárið 2024 - 2025 nemendur frá MH á Bifröst		
Námsleiðir	Fjöldi umsókna	Fjöldi innritaðra
102000013-Viðskiptafræði, BS	11	6
202000136-Viðskiptalögfræði, BA	1	1
302000135-Stjórnvísindi, BA	1	1
307000145-Miðlun og almannatengsl, BA	2	2
315000150-Skapandi greinar, Grunndiplóma	5	5
316000150-Skapandi greinar, BA	4	4
Samtals	24	17


Mynd 14 Fjöldi umsókna og innritaðra MH-inga á Bifröst veturinn 2024-2025.

Fjöldi skráðra nemenda við HÍ skólárið 2024-2025 með stúdentspróf frá MH				
Fræðasvið	Deild	Grunnnám	Framhaldsnám	Heildarfjöldi
Félagsvísindasvið	Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild	47	38	85
Félagsvísindasvið	Félagsráðgjafardeild	24	13	37
Félagsvísindasvið	Hagfræðideild	14	6	20
Félagsvísindasvið	Lagadeild	19	12	31
Félagsvísindasvið	Stjórn málafræðideild	28	50	78
Félagsvísindasvið	Viðskiptafræðideild	32	27	59
Heilbrigðisvísindasvið	Hjúkrunar- og ljósmóðurfæðideild	38	22	60
Heilbrigðisvísindasvið	Lyfjafræðideild	8	1	9
Heilbrigðisvísindasvið	Læknadeild	47	35	82
Heilbrigðisvísindasvið	Matvæla- og næringarfræðideild	6	2	8
Heilbrigðisvísindasvið	Sálfræðideild	68	11	79
Heilbrigðisvísindasvið	Tannlæknadeild	5		5
Hugvísindasvið	Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði	45	30	75
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	5	3	8
Hugvísindasvið	Íslensku- og menningardeild	66	31	97
Hugvísindasvið	Mála- og menningardeild	79	9	88
Menntavísindasvið	Deild faggreinakennslu	15	15	30
Menntavísindasvið	Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	20	11	31
Menntavísindasvið	Deild kennslu- og menntunarfræði	11	20	31
Menntavísindasvið	Deild menntunar og margbreytileika	17	30	47
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	61	7	68
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Jarðvísindadeild	15	3	18
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Líf- og umhverfisvísindadeild	42	6	48
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	15	3	18
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Raunvísindadeild	22	7	29
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	10	2	12
Þverfræðilegt framhaldsnám	Þverfræðilegt framhaldsnám		57	57
Samtals		759	451	1210

Mynd 15 Fjöldi nemenda í HÍ með stúdentspróf frá MH veturinn 2024 - 2025

3.5 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs auk IB-brautar, náms sem tengist MÍT og fjölnámsbrautar. Nemendur þurfa að ljúka 205 einingum til stúdentsprófs á öllum brautum nema listdansbraut þar sem einingarnar eru 215. Flestir nemendur haustannar 2024 stunduðu nám á opinni braut og frekar langt á eftir er náttúrufræðibraut. Nemendum hefur fækkað jafnt og þétt á mála- og félagsfræðibraut en fjölgað á opinni braut þar sem hægt er að velja sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem ætlunin er að leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 16 Opna brautin er vinsælasta brautin og hefur verið það frá upphafi.

3.5.1 Kjörgreinar á opinni braut

Nemendur velja sér þrjár kjörgreinar á opinni braut, eins og áður hefur komið fram, og tvær fyrstu eru tilgreindar á stúdentsprófsskírteini þeirra. Einingar kjörgreina bætast við einingar greinarinnar sem eru í kjarna. Velji nemandi t.d. ensku sem fyrstu kjörgrein bætast fimm áfangar við þá þrjá sem fyrir eru í kjarna. Sá nemandi lýkur því átta áföngum í ensku, samtals 40 einingum, og það hlýtur að teljast töluverð sérhæfing.

Val stúdentsefna á kjörgreinum verður oftast ekki endanlegt fyrr en á síðustu önn. Enska, sálfræði og stærðfræði voru langvinsælustu kjörgreinarnar hjá stúdentsefnum skólaárið 2024-2025.

Kjörgrein 1 haust 2024		Kjörgrein 2 haust 2024		Kjörgrein 1 vor 2025		Kjörgrein 2 vor 2025	
Enska	11	Enska	13	Enska	12	Enska	10
Sálfræði	11	Saga	6	Stærðfræði	11	Sálfræði	10
Saga	6	Stærðfræði	6	Sálfræði	9	Félagsfræði	7
Myndlist	5	Sálfræði	5	Íslenska	8	Eðlisfræði	5
Stærðfræði	5	Líffræði	3	Myndlist	6	Saga	5
Líffræði	2	Myndlist	3	Saga	6	Leiklist	4
Efnafræði	1	Félagsfræði	2	Líffræði	5	Tölvunarfræði	4
Félagsfræði	1	Pólska	2	Félagsfræði	4	Efnafræði	3
Tölvunarfræði	1	Danska	1	Danska	2	Jarðfræði	3
Þýska	1	Eðlisfræði	1	Leiklist	2	Líffræði	3
		Franska	1	Efnafræði	1	Stærðfræði	3
		Íslenska	1			Danska	2
						Myndlist	2
						Heimspeki	1
						Íslenska	1
						Ítalska	1
						Þjóðhagfræði	1
						Þýska	1

Mynd 17 Enska er vinsælasta kjörgreinin og sálfræði, stærðfræði og saga skipta á milli sín öðru sætinu.

3.5.2 IB-braut

Stór breyting varð á starfi IB-deildar þann 10. febrúar 2025, þegar Alda Kravec tók við starfi IB-stallara til eins árs af Guðmundi Arnlaugssyni. Guðmundur og Alda unnu þó náið saman út skólaárið.

Árið var metár í fjölda IB-nema við skólann. Þegar ljóst var hversu margar umsóknir stefndi í vorið 2024 var ákveðið að fjölga bekkjum á undirbúningsári (pre-IB) úr einum í tvo til að gefa fleiri nemendum tækifæri á að spreyta sig. Haustið 2024 hófu 43 nemendur nám á pre-IB, 41 nemandi var á fyrra IB-ári og 28 á því síðara, alls 112 nemendur. Nokkrir nemendur hættu eftir haustönnina en í heildina bættist töluvert við pre-IB-hópinn. Þau voru 51 þegar mest var og IB-nemendur alls 118. Þessi mikla fjölgun á pre-IB olli nokkrum vandræðum, sérstaklega í raungreinum þar sem hóparnir voru stærri en fjöldaviðmið kveða á um. Heilt yfir tókst þessi tilraun þó vel. Alls halda 36 nemendur áfram í hið eiginlega IB-nám, sem er álíka hlutfall og önnur ár.

Nemendahópurinn taldi 28 þjóðerni, þar af var stærsti hópurinn íslenskir ríkisborgarar eða um þriðjungur nemenda. Úkraínkir nemendur voru 14 talsins og 11 frá Póllandi en önnur ríkisföng voru óalgengari.

Félagslíf IB-nemenda var með hefðbundnum hætti. Haldið var sérstakt IB-kvöld í Norðurkjallara 19. september og farið var í IB-ferð að Varmalandi í Borgarfirði 27. september og gist þar eina nótt. IB-nemar tóku einnig virkan þátt í lagningardögum með ýmsum uppákomum.

Miklar breytingar voru gerðar á dagatali og kennslu lokaársnema í samræmi við það sem hafði verið rætt á síðasta ári. Ákveðið var að hafa sérstakt tímabil fyrir undirbúningspróf í mars 2025 og fella niður hefðbundna kennslu á meðan. Slík undirbúningsprófatímabil tíðkast í flestum IB-skólum sem við þekkjum til. Nemendur tóku sambærileg próf við þau sem biðu þeirra í maí, sem reynast þeim oft ansi strembin. Á móti voru felld niður lokapróf í áföngum í desember og fengu nemendur kennslu í staðinn. Aðaláherslan á því tímabili var á rannsóknarverkefni þeirra. Almenn ánægja var meðal nemenda og kennara með prófin í mars en mörgum þótti ástæða til að skoða hvernig útfæra mætti kennsluna í desember betur.

Lokaprófin gengu vel fyrir sig. Utan prófdaga í apríl, meðan kennsla var enn í gangi í MH, sáu MH-kennarar sjálfir alfarið um yfirsetu í prófunum en fram til þessa hefur skólinn ráðið utanaðkomandi aðila til að sitja yfir að öllu eða mestu leyti. Að þessu sinni þreytti 41 nemandi IB-lokapróf í maí. Þrír nemendur töldust til áfanganemenda (e. *course students*) og tóku tvö eða þrjú fög en voru annars í venjulegu MH-námi. Fimm nemendur tóku próf sem kalla mætti forpróf (e. *anticipated exams*) en það eru próf sem gefa nemendum tækifæri á að klára eina eða tvær greinar á einu ári í stað tveggja. Að þessu sinni voru þetta allt nemendur í sjálfsnámi í móðurmáli sínu. Fimm nemendur voru endurtektarnemendur sem stóðust ekki diplómuna í fyrra, en einungis eitt þeirra var skráð sem nemandi við skólann, hin lærðu á eigin vegum. Auk prófanna í maí voru tveir nemendur sem tóku IB-lokapróf í október/nóvember 2024, en MH býður ekki upp á slíkt nema af illri nauðsyn. Annars vegar var einn nemandi sem veiktist illa á lokaprófstímabilinu í fyrra og tók próf í einni grein og hins vegar var nemandi sem tók próf í Afrikaans, en IB býður ekki upp á próf í því tungumáli nema að hausti. Ljóst er af reynslu haustsins að skólinn er illa í stakk búinn að bjóða upp á nóvemberpróf fyrir stærri hóp.

Meðaleinkunn nemenda sem náðu diplómu var 28,7 stig af 45 mögulegum en 24 stig þarf til að standast diplómuna. Þetta var nokkuð undir heimsmeðaltalinu sem þetta árið var 30,5 stig. Alls náði 21 nemandi diplómunni, þar af tveir endurtektarnemendur, en 8 nemendur og þrír

endurtektarnemendur höfðu því miður ekki erindi sem erfiði. Þetta lága hlutfall nemenda sem stóðust diplómuna verður að teljast nokkur vonbrigði.

3.5.3 Fjölnámsbraut MH

Skólaárið 2024-2025 voru 23 nemendur skráðir á fjölnámsbraut MH, þar af hófu 8 nemendur nám haustið 2024. Í lok vorannar voru 20 nemendur skráðir á brautina og 11 nýnemar bættust við haustið 2025. Það verða því samtals 29 nemendur skráðir á fjölnámsbrautinni á haustönn 2025 og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Á haustönn 2024 var umsjónarkennari ráðinn inn á brautina. Sá kennari var einnig fagkennari í félagsfræði og því ekki í fullu starfshlutfalli inn á fjölnámsbraut. Þar með voru þrír starfsmenn sem voru skráðir umsjónarkennarar á fjölnámsbraut. Að auki voru á brautinni fagkennarar í ensku, hússtjórn, leiklist, spænsku, myndlist og líkamsrækt. Í fyrsta sinn kom inn fagkennari í stærðfræði og var hann með einn stuðningstíma á viku fyrir þá nemendur brautarinnar sem skráðir voru í almennan áfanga í stærðfræði. Þetta reyndist mjög vel og voru nemendur mjög ánægðir með að fá þennan aukatíma í stærðfræði. Á vorönn 2025 bættust við fagkennarar í íslensku og sálfræði.

Þar sem nemendum hefur fjölgað á brautinni þá verða óhjákvæmilega breytingar á skipulaginu. Brautin var stofnuð haustið 2011 en þá kallaðist hún sérnámsbraut og nemendurnir voru fimm talsins. Næstu árin fjölgaði nemendum jafnt og þétt en nemendafjöldinn var 12-14 og var það talin æskileg stærð fyrir brautina. Í gegnum tíðina hefur nýnemahópurinn fengið alveg eins eða mjög svipaða stundatöflu. Nú hefur nýnemahópurinn tvöfaldast sem gerir það að verkum að hópurinn er orðinn of stór fyrir t.d. hússtjórn og þarf því að skipta hópnum í tvennt.

Fyrstu árin sóttu flestir nemendur einungis tíma inni á brautinni en svo smátt og smátt fóru nemendur líka að sækja einstaka almenna áfanga skólans. Með árunum hefur þeim almennu áföngum sem fjölnámsbrautarnemendur hafa sótt farið fjölgandi sem er mjög mikið ánægjuefni. Á skólaárinu 2024-2025 voru nemendur fjölnámsbrautar skráðir í yfir 40 almenna áfanga skólans. Aukin þátttaka nemenda í almennum áföngum skólans gerir stundatöflugerð á fjölnámsbraut mjög flókna þar sem almennir áfangar ganga fyrir í töflunum og nemendur því með ólíkar töflur. Við það bætist að fagkennarar brautarinnar eru líka komnir með sína tíma í almenna náminu inn í töflu þegar stundatöflugerðin hefst á fjölnámsbrautinni. Stundatöflugerðin er því mikið púsluspil en á móti kemur að það er mjög jákvætt og ánægjulegt að nemendur fjölnámsbrautar taki þátt og nýti sér það áfangaframboð sem í boði er í skólanum. Að sama skapi er mjög gott að geta boðið upp á fjölbreytta áfanga inni á fjölnámsbrautinni sem fagkennarar skólans sjá um.

Nú eru sex nemendur fjölnámsbrautar skráðir á tvær brautir í kerfinu og tveir þeirra stefna á að útskrifast af stúdentsbraut haustið 2025. Þá er einn nemandi skráður á fjölnámsbraut og á stúdentsbraut Menntaskólans í tónlist og stefnir á að útskrifast frá MÍT. Við höfum verið í góðu samstarfi við MÍT undanfarin ár þar sem þetta er annar nemandinn sem fer þessa leið. Það er því talsverður tími og vinna sem fer í allt ut anumhald, samstarf og samskipti við hina ýmsu aðila vegna fjölbreytts nemendahóps brautarinnar.

Líkt og undanfarin ár þá voru nemendaviðtöl á brautinni í valviku beggja anna. Þar koma allir nemendur brautarinnar í einstaklingsviðtöl og eru foreldrar/forráðamenn velkomnir með. Í viðtölunum er rætt um líðan, stöðu nemenda og farið yfir valið fyrir næstu önn.

Á haustönn 2024 fékk fjölnámsbrautin nýtt rými til afnota sem nýtist m.a. sem vinnu- og fundaraðstaða. Með auknum nemenda- og starfsmannafjölda, heimsóknnum, viðtölum og þess háttar þá var orðin mjög mikil þörf fyrir slíkt rými. Ennþá hefur brautin bara eina kennslustofu sem heimastofu. En mjög oft þarf að kenna á nemendum á tveimur stöðum í einu og er þá notast við kennslustofur sem eru lausar hverju sinni.

Á vorönn 2025 fóru nemendur og nokkrir kennarar fjölnámsbrautar á forsýningu á söngleiknum Stormi sem sýndur var í Þjóðleikhúsinu. Hópurinn hafði þá áður farið og fengið leiðsögn um leikhúsið og lesið hluta af handritinu í leiklistartímum. Þessi ferð lukkaðist mjög vel og gerði mjög mikið fyrir hópinn. Stefnt er á að gera þetta reglulega og fara oft saman í vettvangsferðir og efla þannig félagstengslin enn frekar.

Fjölnámsbrautin fékk einnig heimsókn kennara frá Finnlandi í svokölluðu „job shadowing“ verkefni. Hann sat í kennslustundum á brautinni og fylgdist með en var líka með kennslustund í finnsku fyrir nemendahópinn sem vakti mikla lukku.

Á vorönn 2025 fékk brautin tæplega 40 heimsóknir, jafnvel þrjár á dag, frá nemendum úr 10. bekk, foreldrum og starfsfólki grunnskólanna. Þegar umsóknartímabilið var liðið þá höfðu 13 skilað inn umsókn með fjölnámsbraut MH í fyrsta vali og 13 í öðru vali. Í júní bættist við nýnemahópinn vegna gífurlegs fjölda umsækjenda á starfsbrautir þetta árið.

3.6 Loknar einingar

Nemendur á bóknámsbrautum skólans ljúka mismörgum einingum á önn en haustið 2024 var meðalfjöldi lokinna eininga 28. Þá eru ekki taldar með einingar sem nemendur geta lokið í fjarnámi í öðrum skólum. Að baki hverri framhaldsskólaeiningu eru 18-24 klukkutímar í tímasókn og vinnu fyrir nemandann. Það þýðir að fimm eininga áfangi er á bilinu til 90-120 klst. vinna fyrir nemandann á önn.

Nemendur sem falla í áföngum endurtaka í flestum tilfellum áfangann á næstu önn á eftir. Nokkur velja þó að endurtaka áfanga sem þau falla í að vori í sumarskóla eða fjarnámi, meðfram námi næstu önn á eftir. Þær einingar koma inn á matsönn hverju sinni þegar þeim er lokið.

Nemendur allra brauta nema IB-brautarinnar geta ráðið hversu marga áfanga þau taka hverju sinni og geta hætt í áföngum á miðri önn. Þannig er hægt að stýra álaginu en til að ná að útskrifast á 3 árum þarf að taka rúmlega 34 einingar á önn og tæplega 30 til að klára á þremur og hálfu ári.


Nemendur á listdansbraut taka hluta síns náms utan MH í samvinnu við listdansskóla. Það gera einnig nemendur á opinni braut með listdans sem kjörgrein og nemendur með tónlist sem kjörgrein stunda hluta námsins í tónlistarskólum. Í stefnu skólans er viðmið um að nemendur ljúki a.m.k. 30 einingum á önn en því miður er það ekki raunin almennt og er meðaltalið nær 28 einingum.

Haustið 2024 luku nýnemar skólans á bóknámsbraut að meðaltali 30 einingum á haustönninni. Tæplega 20% nýnemanna féllu í einum áfanga og 10% í tveimur áföngum. 38% nýnema haustannar féllu í einhverju.

3.6.1 Áfangar

Í MH er mjög mikið áfangaframboð, um 270 áfangar eru í boði á hverri önn. Samkeppni um nemendur er til staðar og þurfa kennarar að leggja hart að sér til að auglýsa áfangana sína og fá nemendur til að velja þá. Sérstakar valkynningar eru á hverri önn þar sem settir eru upp

kynningarbásar með ýmslu kynningarefni. Kennarar og nemendur gera sitt besta til að sýna nemendum hversu margt er í boði og hvað það skiptir miklu máli að þau velji vel. Það er metnaður í MH að halda úti miklu áfangaframboði og reynum við hvetja nemendur til að hugsa þannig líka.



Mynd 18 Áfangaframboð hefur verið svipað undanfarin 10 ár, þ.e. 240-270 áfangar eru í boði á hverri önn.

3.6.1.1 Nýir áfangar

Kennarar eru duglegir að búa til nýja áfanga. Þeir sækja um samþykki stjórnenda fyrir þeim gegnum sérstakt eyðublað. Stjórnendur meta þörfina fyrir áfangann og hafa ýmis sjónarmið til hliðsjónar. Til dæmis kom upp mikil samfélagsleg þörf fyrir áfanga um kynheilbrigði en hann var kenndur í fyrsta skipti vorið 2023 í kjölfar mikillar vitundarvakningar haustið 2022. Einnig var nýr áfangi sem fjallar um átakasvæði heimsins settur fram haustið 2024 í tengslum við ástandið í heiminum.

Áfangaheiti	Lýsing	Haust 2024	Vor 2025
SAGA3CZ05	Átakasvæði í heiminum	x	
SÁLF2CÍ05	Íþróttasálfræði	x	
SÁLF3CY03	Fræðalestur í sálfræði - yndislestur	x	
LÍff2BD05	Dýrafræði		x
LÍKA2BZ01	Sund - kennt var í Laugardalslaug		x
LÍKA2CB01	Styrkur og bandvefslosun		x
UMHV2AB05	Umhverfisfræði		x

Með styttingu náms til stúdentsprófs hefur verið erfiðara að fá nemendur til að velja efri áfanga, t.d. í tungumálum og raungreinum. Það er ekki gott þegar fella þarf niður áfanga vegna ónógrar þátttöku nemenda en meira hefur borið á því undanfarin ár. Þetta þarf allt að hafa í huga þegar beiðnir um nýja áfanga berast og passa eins og hægt er upp á jafnvægi á milli þess sem nemendur velja og skylduáfanga sem eiga undir högg að sækja.

3.6.2 Stöðupróf

Skólinn hefur boðið nemendum, sem þess óska og uppfylla skilyrði, upp á stöðupróf í fjölmörgum tungumálum og fer það fram í byrjun annar. Oftast eru þetta nemendur sem búið hafa í viðkomandi landi, hafa farið í skiptinám eða eru tvítýngdir. Námstjóri erlendra tungumála sér um skipulagningu stöðuprófanna og auglýsir þau. Fyrir nemendur í MH eru stöðupróf í þeim tungumálum sem kennd eru í skólanum en einnig er boðið upp á stöðupróf í móðurmáli nemenda. Veturinn 2024-2025

byrjuðu framhaldsskólarnir að vinna saman að því að halda stöðupróf í þeim tungumálum sem ekki eru almennt kennd hér á landi og sparar það mikla vinnu í skipulagningu. Næsta sem þarf að samræma er verð fyrir stöðuprófin en framhaldsskólarnir innheimta ekki sömu upphæðir fyrir þau.

Tungumál	Ekki í MH	MH	Samtals
Enska		6	6
Franska		4	4
Ítalska	4	3	7
Japanska	8	2	10
Kúrdíska		3	3
Norska	2		2
Spænska		3	3
Þýska		6	6
Samtals	14	27	41

Mynd 19 Haldin voru stöðupróf í 8 tungumálum í MH í vetur og bauðst nemendum annarra skóla að koma í nokkur þeirra.


3.7 Listdanssskólarnir

Menntaskólinn við Hamrahlíð er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla landsins. Þrír listdanssskólar eru í þessu samstarfi við MH, þ.e.

Listdanssskóli Íslands, Listdanssskóli JSB og Klassíski listdanssskólinn.

Einkunnir berast MH frá listdanssskólunum tvisvar á ári og birtast í ferlum nemenda í Innu.

	Fjöldi nemenda alls frá listdanssskólunum	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Haust 2024				
Listdanssskóli Íslands	28	12	8	16
Listdanssskóli JSB	21	13	11	8
Klassíski listdanssskólinn	23	3	2	20
Samtals	72	28	21	44
Vor 2025				
Listdanssskóli Íslands	28	13	13	15
Listdanssskóli JSB	21	11	9	10
Klassíski listdanssskólinn	21	2	1	19
Samtals	70	26	23	44



Mynd 20 Skýring á fjölda eininga hjá Listdanssskóla Íslands vorið 2025 gæti verið sú að námsmat nokkurra áfanga hjá þeim færðist frá haustönn yfir á vorönn.

3.8 Menntaskóli í tónlist

MH er í samstarfi við Menntaskóla í tónlist (MÍT) og tekur á móti nemendum í bóklegt nám skv. námskrá MÍT. Stjórnendur MÍT velja áfanga hverju sinni og semja við MH um greiðslur. Nemendur sem koma inn í gegnum MÍT þurfa að uppfylla inntökuskilyrði MH og ef þau gera það ekki þá velur MÍT aðra skóla við hæfi nemendanna. Frá og með hausti 2025 verður breyting á þessu fyrirkomulagi. MH mun ekki innheimta greiðslur frá MÍT fyrir einingar sem nemendur þeirra taka í MH heldur munu þeir nemendur teljast með öðrum MH nemendum. Gera þarf nýjan samning við MÍT þar sem þetta er útfært nánar og hvernig samstarfinu verður háttað. Fundur með stjórnendum MÍT hefur verið boðaður í september.

3.9 Íslenska sem annað tungumál

Nemendur sem eru af erlendum uppruna og hafa íslensku sem annað tungumál hafa í mörg ár tekið ÍSAN-áfanga í íslensku, þar sem kennslan hefur miðað að þeirra þörfum, í stað hefðbundinna íslenskuáfanga.

Haustið 2024 var fyrsti hópurinn sem hefur fylgt því fyrirkomulagi að taka ÍSAN og ÍSLE-áfanga samhliða, kominn í fimmta áfangann, ÍSAN2EE01. Þau hafa lokið 4*6 einingum í Ísan og vantar því bara eina einingu til að uppfylla 25 einingar í íslenskukennslu. Þau tóku því ekki ÍSLE3EE05 samhliða ÍSAN2EE01.

3.9.1 Um útfærslu á ÍSAN2EE01 og áskoranir

Áfanginn hefur verið kenndur tvisvar sinnum og samtals hafa níu nemendur lokið honum. Í upphafi var lagt upp með að nemendur fengju yfirsýn yfir bókmennta- og menningarsögu á Íslandi frá aldamótum 1900 til okkar daga, og tengdu strauma og stefnur við menningu í „hinum“ menningarheimi sínum. Auk þess sem lagt var upp með að efla munnlega tjáningu og skriflega færni.

Fljótlega kom í ljós að þessi markmið voru fullmetnaðarfull þar sem nemendur eru í kennslustundum einu sinni í viku og hafa mjög mismikla tengingu við menningu móðurmáls síns. Sum hafa aldrei búið annars staðar en á Íslandi og önnur eiga flókna sögu að baki varðandi „heimaland“ sitt.

Auk þess kom fljótlega í ljós, kennara til nokkurrar furðu, að orðaforði á ýmsum mikilvægum sviðum var töluvert brotinn sem og almenn máltilfinning og þekking á íslenskri ungmennamenningu lítil. Því var ákveðið að breyta um stefnu, leggja aukna áherslu á að kynna eitt og annað úr samtímamenningu fyrir nemendum og bæta almennan orðaforða nemenda og leika sér með tungumálið. Engu að síður var áherslan áfram á að nemendur beittu töluðu máli sem og rituðu. Nemendur voru öll áhugasöm og tóku öllum tilraunum vel og með jákvæðni og sterkan vilja til að gera vel og læra að vopni.

Það er hins vegar bagalegt að engin námskrá sé til í greininni íslenska sem annað mál. Það er ófaglegt að hver kennari eigi að finna upp hjá sér hver hæfni, þekking og leikni nemenda eigi að vera að námi loknu. Það væri óskandi að menntayfirvöld tækju því alvarlega að sístækkandi hópur nemenda hefur íslensku ekki að móðurmáli og stundar nám í íslensku sem öðru máli.

3.10 Félagslíf nemenda

Í MH er starfsmaður í 30% starfshlutfalli sem sinnir starfi félagsmála- og forvarnafulltrúa. Einn kennari starfar við hlið hans í ca. 13% starfshlutfalli. Félagsmálafulltrúar funda vikulega með stjórn NFMH og oddvitum stærstu ráðanna. Einnig geta öll minni ráðin bókað fundi með þeim. Viðvera félagsmálafulltrúa var tvisvar í viku frá kl. 10:00-15:30.

Gott samstarf er milli félagsmálafulltrúa, jafnréttis- og samskiptaráðgjafa og umsjónarmanns fasteigna og hefur reynt vel að halda öllum þessum aðilum upplýstum um það sem er á döfinni í félagslífi nemenda.

Til að ná til nemenda sem mögulega glíma við félagskvíða eða treysta sér ekki til að taka þátt í stærri viðburðum voru haldnir hittingar á föstudögum undir yfirskriftinni Pálínuboð. Nemendur komu með smákökur, vínber og alls kyns góðgæti og ræddu saman. Þetta gekk mjög vel fyrir áramót og mættu að meðaltali 10 nemendur í hvert sinn. Horft var á bíómyndir, þætti, spiluð borðspil, litaðar mandölur og farið í kahoot svo eitthvað sé nefnt.

2024 haustönn	2025 vorönn
21. ágúst Vín/speed dating fyrir busa.	13.- 17. jan Leikfélagsvika.
26. ágúst Nýnemavika hefst.	20. jan Hinsegin vika Bur.
27. ágúst Busadjamm í Norðurkjallara.	21. jan Dragkeppni Bur.
30. ágúst Nýnemaferð á Stokkseyri.	23. jan 16 liða úrslit Gettu Betur.
5. sept Hljómpörf.	3. feb Hamraskáld útgáfuhóf.
9. sept Ráðakynningar.	11. feb 8 liða úrslit Morfis.
18. sept Nýnemaball í Gamla Bíó	11.-12. feb Lagningadagar.
30. sept Kvikmyndakvöld hjá Stuttó.	13. feb Söng- og lagasmiðakeppni Óðríks.
15. okt Pöbb kviss hjá Málfó.	14. feb Valentínusarrósir Listó.
22. okt Sleiktu Hnetur.	19. feb Búðó Sveitaball í Norðurkjallara.
24. okt Vondulagakeppni Óðríks.	20. feb MH-Versló Gettu Betur.
30. okt Draugahús LFMH og Skemmtó í Norðurkjallara.	26. feb Great Gatsby - Árshátíð Skemmtó NFMH.
4.-7. nóv Skaramúss.	5. mars Góðgerðabingó góðgerðarráðs.
11.-15. nóv Útvarpsvika.	13. mars MH-MR Gettu Betur.
14. nóv Grímuball í Norðurkjallara.	16. mars LFNFMH frumsýnir Diskóeyjuna.
18.-22. nóv Góðgerðavika.	27. mars MH sigrar Gettu Betur í Háskólabíó með fullan sal af áhorfendum.
21. nóv Hljómpörf til styrktar Palestínu.	1. apríl Hljómpörf+Kór MH.
24. nóv Litlu jólin Listó + nýr skólastjórnarfulltrúi kosinn.	7. apríl Ljósmyndakeppni.
25. nóv Hátíðarbene gefið út.	7.-11. apríl Útvarpsvika.
	10. apríl MH-Verzló Morfis á Miklagarði.
	30. apríl Dimission.

Mynd 21 Taflan sýnir hversu mikið er að gera hjá NFMH og einnig hversu fjölbreytt félagslífið er.

3.10.1 Gettu betur

Lið MH í Gettu betur sigraði hljóðnemann aftur þetta skólaárið þar sem þau höfðu betur gegn liði Menntaskólans á Akureyri 30:21. Þetta var í þriðja skipti sem MH vann hljóðnemann en árið 2014 vann MH Borgarholtsskóla og 2024 vann MH lið Menntaskólans í Reykjavík. Lið MH að þessu sinni skipuðu þau Atli Ársælsson, Flóki Dagsson og Valgerður Birna Magnúsdóttir og fór úrslitaviðureignin fram í Háskólabíói.

4 Innviðir og þjónusta

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk kennslustofa, þrír misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að eru á tveimur stöðum og skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð og stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 15:55 á daginn. Skák-, norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:00. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi að fengnu leyfi sem sótt er um á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón Nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks. Stöðugt er unnið að viðhaldi húsnæðisins, rými máluð, skipt um ljós og lýsingu og húsgögn endurnýjuð.

Nokkrar rafhleðslustöðvar eru fyrir utan skólann. Nýting þeirra er góð og geta nágðannar skólans nýtt þær utan starfstíma skólans. Haustið 2025 tók Orka náttúrunnar (ON) við rekstri rafhleðslustöðvanna og þar með eru þær ekki lengur í umsjón skólans.

4.1 Starfsfólk

Við skólann starfa að jafnaði 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), fjármálastjóri, 3 námstjórar í 50% starfi (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri fjölnámsbrautar, 1 sérkennari á fjölnámsbraut, 1 deildarstjóri IB-náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í 2,5 stöðugildum, 1 sálfræðingur í 0,6 stöðugildi, 1 sérkennari, 2 bókasafns- og upplýsingafræðingar í 1,8 stöðugildi, 2 starfsmenn á skrifstofu í 1,5 stöðugildi, 1 kerfis- og tækjastjóri, 1 húsvörður, 0,6 skjalastjóri, 0,2 persónuverndarfulltrúi og 3 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 110.

Fyrirtækið iClean hefur séð um ræstingu í öllum kennslustofum og almennum rýmum en önnur svæði hafa verið þrífín af ræstitæknum skólans. Vorið 2025 var kallað eftir tilboðum í alla ræstingu í skólanum og mun iClean taka hana að sér næsta vetur. Þessi breyting hafði í för með sér að segja þurfti upp þremur föstum starfsmönnum í ræstingu, sem er miður, en sparnaður sem af þessu hlýst er liður í hagræðingarkröfu sem gerð hefur verið á skólann.

Skólinn hefur haft starfsmann sem jafnréttis- og samskiptaráðgjafa í tvö ár og hefur það reynst mjög vel. Viðkomandi starfsmaður sagði starfi sínu lausu vorið 2025 af persónulegum ástæðum. Störf hans verða færð yfir á sálfræðinginn annars vegar, sem mun sinna samskiptahluta starfsins, og kennara hins vegar, sem mun sinna jafnréttisfræðslunni. Starfshlutfall sálfræðings fer þar með úr 60% í 80%.

Stór hluti starfsfólks fór í skólaheimsóknarferð til Spánar í lok maí og kynntist skólakerfi Spánar. Ferðir af þessu tagi eru mjög mikilvægar til að efla starfsandann, skapa sameiginlega upplifun og vera með samstarfsfólki í fjölbreyttum aðstæðum.

4.1.1 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsfólks. Þau gögn sem einkum eru lögð til grundvallar í því efni er könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á hverju hausti og starfsmannasamtöl sem tekin eru með reglulegu millibili.

Í Stofnun ársins varð skólinn í sextánda sæti í flokki stofnana með fleiri en 90 starfsmenn. Skólinn var í fjórða sæti í sjálfstæði í starfi en nánari upplýsingar má finna [hér](#).

Starfsmannasamtöl við kennara hafa farið fram í kjölfar kennslukannana og eru þær kannanir og viðtöl framkvæmd á hverri önn. Önnur starfsmannasamtöl hafa átt sér stað í kjölfar þjónustukannana en engar slíkar kannanir voru gerðar skólaárið 2024-2025. Bæta þarf úr þessu veturinn 2025-2026.


Tveir starfsmenn skólans standa að útgáfu innanhússfréttabréfs sem nefnist Téð og heyrt. Það hefur nú verið gefið út í yfir 25 ár. Þar má finna yfirlit yfir það sem er á döfinni í félagslífi starfsmanna, fræðandi pistla frá þeim sem fara í námsleyfi og ýmislegt annað skemmtilegt. Þessi útgáfa er skemmtilegt framtak og mikil vinna er lögð í verkefnið.

4.2 Kannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er þeim skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Lokað hefur verið fyrir að nemendur geti gefið skrifleg

ummæli um kennara sína en margir kennarar gera sjálfir kannanir þar sem þeir opna á þann möguleika. Kannanirnar eru framkvæmdar í Innu og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi annar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í Innu auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velta þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær ættu að vera vísbending um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað má bæta. Gerðar eru kannanir í IB-náminu samhliða en þær eru ekki teknar með hér.

Tímabil sem könnun er gerð	Faggreinar sem könnun er gerð í hverju sinni
2024V	Raungreinar, stærðfræði og líkamsrækt
2024H	Erlend tungumál
2025V	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar



Mynd 22 Meðaltal svarhlutfalls kennslukannana haustið 2024 var 67,9% og 71,1% vorið 2025

4.2.1 Utanaðkomandi kannanir sem nemendur tóku þátt í á skólaárinu

Könnunin Skólapúlsinn var lögð fyrir nemendur skólans í nóvember, eins og undanfarin ár. Skólapúlsinn er könnun á líðan nemenda, upplifun þeirra á námsumhverfinu og virkni í námi. Sálfræðingur skólans hefur tekið saman niðurstöður og kynnt á kennarafundi.

Í mars tóku tveir nemendur MH, fæddir 2009, þátt í PISA-könnuninni á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Áætlaður tími sem tók að svara könnuninni voru 5 klst. og kom utanaðkomandi aðili í skólann og sat yfir nemendunum meðan þeir svöruðu.

Útskriftarefni vorannar tóku þátt í rannsókn á vegum Educhange. Það er alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem hefur það meginmarkmið að draga úr áhrifum félags- og efnahagslegrar

stöðu nemenda á námsframvindu og tækifæri þeirra til menntunar og auka þannig jöfnuð til lengri tíma. Fagstjóri í lífsleikni hafði umsjón með verkefninu af hálfu skólans og tóku náms- og starfsráðgjafar einnig þátt í framkvæmdinni.

4.3 Fjármál

Fjárhagsstaða skólans hefur versnað á árinu 2024. Heildarútgjöld skólans voru 1.897 millj. kr. sem var um 51,4 millj. kr. meira en nam framlagi og tekjum. Því versnaði staða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok 2024 -48,9 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs hækkaði um 95,5 millj. kr. á milli ára en gjöld hækkuðu um 115,9 millj. kr. þar af laun um 71,5 millj. kr. og húsaleiga um 28,6 millj. kr. Hækkun á framlagi hélst ekki í hendur við launa- og verðlagshækkunir ársins. Framlag ríkissjóðs til rekstrar ræðst aðallega af fjölda nemenda í fullu námi. Áætlaður fjöldi nemenda, 920, stóð í stað milli ára.

Rekstrarreikningur

	2024	2023	Breyting	
Tekjur				
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.750,4	1.654,9	95,5	6%
Innritunar og efnisgjöld	25,9	25,3	0,5	2%
Kennsluframlag og aðrar tekjur	51,1	54,5	- 3,4	-6%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	18,2	16,1	2,1	13%
	<u>1.845,6</u>	<u>1.750,9</u>	<u>94,7</u>	<u>5%</u>
Gjöld				
Laun	1.378,5	1.307,0	71,5	5%
Húsaleiga	385,8	357,2	28,6	8%
Annar rekstrarkostnaður	114,5	100,8	13,8	14%
Afskriftir	18,2	16,1	2,1	13%
	<u>1.897,1</u>	<u>1.781,1</u>	<u>115,9</u>	<u>7%</u>
Afkoma (-tap) ársins	-51,4	-30,2		

Framlag ríkissjóðs til eignakaupa á árinu 2024 var 25,4 millj. kr. og voru helstu eignakaup endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum 12 millj. kr., önnur húsgögn um 8,4 millj. kr. og endurnýjun á tölum 6,8 millj. kr.

4.4 Náms- og starfsráðgjöf

Margar ástæður eru fyrir komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa. Þær eru ýmist tengdar ráðgjöf vegna námsins og/eða persónulegra mála. Ráðgjöfin miðar að því að styðja nemendur í námi og er til dæmis á sviði vinnulags, tímastjórnunar, vegna áfangavals, prófaundirbúnings, frestunar, námsörðugleika, skólaskipta eða skiptináms. Persónulegir erfiðleikar nemenda geta verið

af ýmsu tagi, veikindi nemenda eða aðstandenda þeirra, heimilisaðstæður, kynhneigð, vímuefnavandi, fátækt, ofbeldi, átröskun og geðrænir erfiðleikar. Einnig koma mál sem varða samskipti milli einstakra nemenda eða milli nemenda og kennara inn á borð náms- og starfsráðgjafa. Alltaf er nokkur hópur nemenda í vikulegri eftirfylgni og ráðgjöf sem miðar að því að styðja nemendur alhliða við nám og námsframvindu.

Aðgengi að námsráðgjöfum er mjög gott í MH. Fjöldi nemenda nýtir sér þjónustuna og það er undantekning ef ekki er hægt að fá viðtal samdægurs. Tímapantanir eru gerðar í gegnum Outlook-bókunarkerfi á heimasíðu skólans, með tölvupósti eða nemendur koma við á skrifstofum námsráðgjafa þar sem dyr standa opnar ef það er laust.

	Haut 2024	Vor 2025
Upplýsingar frá náms- og starfsráðgjöfum um nemendur		
Fjöldi skráðra erinda /heimsóknna	5760	
Fjöldi nemenda sem koma reglulega til námsráðgjafa	164	157
Fjöldi greinininga, lesblinda, kvíði, ADHD, einhverfa	172	
Fjöldi nemenda með fleiri en eina greiningu	30	
Fjöldi nemendur með undanþágu í líkamsrækt	21	28
Fjöldi óska um sérúrræða í lokaprófum / ekki fjöldi kennitala	564	512
Fjöldi prófa á lituðum pappír / ekki fjöldi kennitalna	72	61
Fjöldi prófa tekin í námsveri / ekki kennitala	91	87

4.4.1 Farsæld barna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi þann 1. janúar 2022 (nr. 86/2021), leggja grunn að mikilvægu skrefi til að tryggja börnum og foreldrum þeirra, sem þurfa á aðstoð að halda, aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Í hverjum skóla skal vera tengiliður sem foreldrar og eða nemendur geta leitað til og óskað eftir samþættingu sinna mála. Í því felst að tengiliður heldur utan um alla þjónustu sem nemandinn þarfnast og hefur samband við þá aðila sem að koma.

Námsráðgjafi er tengiliður farsældar í MH og hefur hún lokið diplómu í Farsæld barna frá HÍ. Ljóst er að lögin, sem greina frá ábyrgð, hlutverki og samstilltu teymi, sýna að hægt er að koma til móts við þarfir nemenda og fjölskyldna á áhrifaríkari hátt en áður til að tryggja sambærilega þjónustu við ungmenni og fjölskyldur þeirra á landsvísi.

Gott samstarf er við hverfamiðstöðvar Reykjavíkurborgar þar sem flestir málstjórar farsældar nemenda í framhaldsskólum eru staðsettir. Tengiliður sótti bæði samstarfs- og fræðslufundi með þessum aðilum. Einnig voru fræðslufundir á vegum BOFS og hjá þeim starfar tengiliður sem hægt er að hafa samband við ef þurfa þykir.

Gott samstarf var við tengiliði farsældar í MR og Kvennaskólanum á árinu. Það er gott að geta borið saman bækur við aðra í sama hlutverki þegar stigin eru fyrstu skref í nýju skipulagi og nýtt verklag þróað.

Skólarið 2024-2025 voru fimm nemendur MH í farsældarþjónustu. Fundað var reglulega með þeim, foreldrum, náms- og starfsráðgjöfum, tengilið og málstjóra.


4.5 Námsverið

Allir nemendur MH eru velkomnir í námsver skólans. Þar geta þeir fengið stuðning við námið. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, við að skilja texta í námsefni og verkefnum, aðstoð og yfirlstur á verkefnum, skýrslum og ritgerðum og við útreikninga. Einnig eru tekin próf inni á önnum og lokapróf undir eftirliti námsverskennara.


Umhyggjusemi og stuðningur eru leiðarljós í starfi námsversins. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur og ræða má hvaða málefni sem er. Keppst er við að leiðbeina nemendum eins og kostur er.

Nemendahópurinn sem sækir námsverið er fjölbreyttur, á öllum getustigum og af öllum brautum skólans. Öll breiddin sækir námsverið, afburðanemendur jafnt og nemendur sem glíma við hindranir í námi. Vandir þeirra getur verið námslegur, félagslegur eða tilfinningalegur. Námsverið stuðlar að samvinnu nemenda, einn hjálpar öðrum eftir því sem hægt er. Nemendur mynda gjarnan tengsl og vinna saman í náminu þannig að traust og jafnvel vinskapur verður til.

Nemendur hafa tjáð sig opinskátt um að stuðningurinn sem námsverið veitir hafi skipt sköpum fyrir þá til að ljúka tilteknum áföngum og þar með stúdentsprófi frá skólanum.



Hlutfall innflytjenda (báðir foreldrar erlendir) af nemendum námsvers undanfarin þrjú og hálft ár er í kringum 20%. Einstaklingum í þessum hópi hefur þó fjölgað í vetur. Hluti af skýringunni er að margir IB-nemendur koma til að taka próf og falla inn í þessa talningu ef þeir eru innflytjendur.



Hver nemandi kemur misoft í námsverið en margir nýta þjónustuna vel:

- 41 nemandi kom á bilinu 10-19 daga á haustönn en 19 á vorönn
- 11 nemendur komu á bilinu 20-29 daga á haustönn en 13 á vorönn
- 11 nemendur komu oftast en 30 daga á haustönn og einnig 11 á vorönn.

Flestir koma einu sinni eða um 160 nemendur hvora önn. Skýrist það að hluta af því að margir komu til að taka eitt próf eða þurftu aðstoð í einu verkefni. Sá nemandi sem koma oftast kom 53 sinnum á haustönn og 57 sinnum á vorönn.

4.6 Sálfræðingur

Sálfræðipjónustan er hluti af stoðþjónustu skólans og felur í sér stuðning og viðtöl við nemendur svo og foreldra þeirra þegar við á. Áherslan er á mat á vanda, ráðgefandi viðtöl og sálrænan stuðning. Auk þess sinnir sálfræðingur fræðslu og veitir ráðgjöf og stuðning til starfsfólks og stjórnenda eftir þörfum. Sálfræðingur vinnur í nánú samstarfi við aðra í stoðteyminu og aðstoðar nemendur í að leita þjónustu utan skólans ef við á. Markmiðið er að aðkoma sálfræðings sé fyrirbyggjandi inngríp sem stuðli að bættri líðan og vinni gegn brotthvarfi. Einnig að sálfræðingur geti lagt mat á vanda og vísað áfram í viðeigandi úrræði og meðferð ef á þarf að halda.


Veturinn 2024-2025 var sálfræðingur skólans í 60% starfshlutfalli með viðveru þrjá daga í viku. Lagt var kapp á að nemendur hefðu gott aðgengi að þjónustunni en flestir tímar voru bókaðir fyrirfram í gegnum bókunarkerfi á heimasíðu skólans. Nemendur gátu einnig litið inn án þess að eiga bókaðan tíma en eins og árið á undan voru flestir tímar fullbókaðir. Á haustönn var hver bókaður tími 35 mínútur en þetta var lengt í 40-50 mínútur á vorönn til að gefa hverjum nemanda meira rými. Einnig voru viðtöl bókuð af sálfræðingi sjálfum, gjarnan í framhaldi af viðtali, og þá gátu aðrir í stoðþjónustu skólans bókað viðtöl fyrir nemendur. Stundum komu viðtalsbeiðnir í gegnum tölvupóst og algengt var að foreldrar bæðu um viðtal eða símtal með þeirri leið.

Mikil ásókn var í sálfræðipjónustuna eins og fyrri vetur og voru alla jafna allir tímar í bókunarkerfinu uppbókaðir. Bókuð viðtöl voru 523 en voru 535 skólaárið 2023-2024 enda þá um styttri viðtöl að

ræða. Aftur á móti var mætt í fleiri viðtöl eða 420 (412 á fyrra skólaári) þar sem forföll minnkuðu (voru aðeins um 20% sem þykir lágt) og virðast nemendur nýta sér þjónustuna betur en fyrri ár.

Alls leituðu 159 nemendur til sálfræðings skólans skólaárið 2024-2025 sem var nokkur fjölgun (voru 135 skólaárið 2023-2024). Mest var fjölgunin á haustönn en þá leituðu 117 nemendur til sálfræðings skólans miðað við 86 á haustönn 2023. Af þessum 117 leituðu 44 einnig til sálfræðingsins á vorönn og 42 nemendur til viðbótar, alls 86 nemendur á vorönn.

Hluti (20) þessara 159 nemenda bókaði eitt eða fleiri viðtöl en mætti aldrei. Af þeim 139 sem nýttu sér þjónustuna (105 veturinn á undan) komu 51 (37%) í 1 viðtal 63 (45%) í 2-4 viðtöl og 25 (18%) í 5+ viðtöl. Alls mættu 9 nemendur eða 6% í 10 viðtöl eða fleiri. Fleirum en áður virtist duga eitt viðtal og kemur það mögulega til af því að viðtölin voru lengd til að nýtast betur.



Aðsóknin var nokkuð jöfn allt skólaárið, 273 viðtöl voru bókuð á haustönn og 250 viðtöl á vorönn, en var mest um miðbik anna og gat þá verið nokkur bið eftir lausum tíma. Reynt var að koma til móts við það með því að benda nemendum á aðra í stoðþjónustunni og ef málið var aðkallandi gátu nemendur yfirleitt komist að fljótt.

Athygli vekur að fleiri eldri nemar nýttu sér þjónustuna en veturinn á undan. Um 30% nemenda voru nýnemar, 20% á öðru ári og 50% á þriðja ári eða síðar. Veturinn 2023-2024 var skiptingin jafnari milli árganga. Stúlkur voru í meirihluta þeirra sem nýttu sér sálfræðiþjónustuna eða 79% en drengir 21%, þ.e. þessir nemendur skilgreindu kyn sitt sem kk eða kvk, hlutfall kvára er ekki tilgreint hér. Um 30% þeirra sem nýttu sér þjónustuna höfðu einnig nýtt sér hana veturinn á undan.

Ástæður komu voru margvíslegar; vangaveltur um námserfiðleika og mögulegar raskanir, samskiptavandi við foreldra og vini, streita og álag, sorg, kvíði, depurð, einmanaleiki, erfiðar heimilisaðstæður og margt fleira. Sálfræðingur átti samskipti við ýmsa aðila svo sem heilsugæslu, félagsþjónustu, barnavernd, barna- og unglingageðdeild o.fl. Nokkuð var um að foreldrar hefðu samband og í sumum tilfellum komu nemendur í fylgd foreldra sinna í viðtöl. Símtöl við foreldra og aðra utanaðkomandi aðila voru ekki skráð sérstaklega.

Sálfræðingur deildi skrifstofu með hjúkrunarfræðingi skólans og eitthvað var um að nemendur litu við og væru að falast eftir þjónustu hjúkrunarfræðings. Ef málið þoldi ekki bið (alls 22 tilvik yfir skólaárið) sinnti sálfræðingur þeim eftir bestu getu (hringdi á Heilsuveru, hafði samband við foreldra o.s.frv.).

Sálfræðingur sinnti ýmsum öðrum störfum yfir veturinn. Farið var í alla lífsleiknitíma nýnema á haustönn þar sem þjónustan var kynnt og nemendum veitt fræðsla um líðan og bjargráð. Einnig var

sálfræðingur með fræðslu fyrir útskriftarnema, STUÐ-nemendur og IB-nema, bæði á haust- og vorönn.

Eins og fyrri ár var sálfræðingur skólans tengiliður vegna nemendakönnunarinnar Framhaldsskólapúlsins og kynnti niðurstöður fyrir kennurum á haustönn. Sálfræðingur tók sæti í stýrihóp heilsueflandi framhaldsskóla á vorönn. Mikið og gott samstarf var við aðra í stoðþjónustu skólans og sat sálfræðingur vikulega stoðteymisfundi auk þess að koma að EKKO-málum eftir þörfum. Einnig var sem áður gott samstarf við kennara, stjórnendur og annað starfsfólk skólans.

4.7 Hjúkrunarfræðingur

Á skólaárinu 2024-2025 var haldið áfram að þróa hjúkrunarþjónustu í Menntaskólanum við Hamrahlíð með það markmið að færa heilbrigðisþjónustu nær ungu fólki og gera hana aðgengilega innan skólasamfélagsins. Hjúkrunarfræðingur starfaði í 40% stöðugildi en hluti þess fór í önnur verkefni tengd stefnumótun og samstarfi við yfirvöld. Það hafði áhrif á viðveru í skólanum sem þó er talin lykilatriði fyrir árangur verkefnisins.

Hjúkrunarfræðingurinn var virkur þátttakandi í stoðþjónustu skólans og sat vikulega fundi hennar. Sterk tenging við stoðkerfi skólans er grundvöllur árangursríkrar þjónustu og mikilvægt að hjúkrunarfræðingur sé áfram hluti af kjarnateymi hennar.

Hópfræðsla til nemenda fór að mestu fram í lífsleiknitímum nýnema, auk stuðnings- og fjölnámshópa eða í 15 hópum alls. Fjallað var meðal annars um svefn, koffíndrykki, nikótín og mikilvægi D-vítamíns. Eins og í fyrra var haldin vitundarvakning um D-vítamín í febrúar með fræðslu á samfélagsmiðlum og lýsi í boði fyrir nemendur í mótuneytinu. Kennarar fengu jafnframt fræðslu á starfsmannafundi um ofnæmisviðbrögð og notkun adrenalínþenna.

Notkun á þjónustu hjúkrunarfræðings jókst um rúmlega 17% frá fyrra skólaári. Algengustu ástæður heimsóknna til hjúkrunarfræðings í framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins voru líkamleg einkenni, kvíði og andleg vanlíðan, langvinn heilsuvandamál og þörf fyrir ráðgjöf um náin sambönd og samskipti. Þessar tölur endurspeglar fjölbreyttar þarfir nemenda og mikilvægi sérhæfðs aðgengilegs stuðnings í skólaumhverfinu.

Hjúkrunarþjónusta innan framhaldsskóla er dýrmæt viðbót við menntakerfið og mikilvægt er að halda áfram að þróa hana og styrkja. Með markvissri samvinnu heilbrigðis- og skólakerfis má tryggja að heilsa og vellíðan nemenda verði órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og má taka samstarf hjúkrunarfræðings og starfsmanna Menntaskólans við Hamrahlíð til fyrirmyndar í þeirri stefnu.

4.8 Bókasafnið

Bókasafn MH er upplýsingamiðstöð ætluð nemendum og starfsfólki skólans. Safnið veitir fjölbreytta þjónustu, þar á meðal almenna upplýsingaþjónustu, aðstoð við heimildaleitir, meðferð heimilda og heimildaskráningu. Lögð er áhersla á að þjálfar nemendur í sjálfstærri leit upplýsinga. Markmiðið er að nemendur verði upplýsingalæsir, þ.e. færir um að meta, skipuleggja og nota upplýsingar á skilvirkan hátt til þekkingaröflunar. Á bókasafninu starfa upplýsingafræðingar sem sjá um að kynna bókasafnið, þjónustu þess og þær leiðir sem nemendur geta nýtt sér til upplýsingaöflunar, leiðbeina notendum við heimildaöflun vegna verkefna og ritgerða, hvort heldur sem er í safnkosti safnsins, gagnagrunnum eða á Internetinu. Kennarar eru velkomnir með nemendum sína á safnið. Þeir geta

pantað ýmis rými bókasafnsins, s.s. hópinnuborð, margmiðlunarherbergið eða hljóðsófa fyrir yndislestrarviðtöl.

Safnkostur bókasafnsins samanstendur af kennslubókum, bókmenntum, tímaritum, nótum og fræðilegu efni sem hentar fyrir skólastigið. Bókakosturinn er á íslensku sem og á öðrum þeim tungumálum sem kennd eru við skólann. Bókasafnið á eintök af öllum kennslubókum og kjörbókum sem kenndar eru við skólann. Allur safnkosturinn er skráður í samskrá íslenskra bókasafna í bókasafnskerfið Leitir.is. Þar er hægt að finna hvaða bækur eru til á bókasafni MH.

Hluti safnefnis er á rafrænu formi en bókasafnið tekur þátt í landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum. Hægt er að nálgast það efni í gegnum Leitir.is eða í gegnum Google. Eitt af þessum gagnasöfnum sem bókasafnið leggur sérstaka áherslu á í kynningum fyrir nemendum skólans er alfræðisafnið Encyclopedia Britannica (Academic og School). Bókasafnið kaupir aðgang að vefbókasafninu Snara.is og Bookrags. Nýlega bættist við rafræna gagnasafnið JStor. Þar er hægt að leita að greinum í ritrýndum tímaritum, bókum, myndum og frumheimildum.

Fjölbreytileiki safnkostsins tekur mið af þörfum notenda en bókasafnið lánar ýmis tæki innan skólans í innanhússláni. Fartölvur og myndavélar eru mikið notaðar af nemendum. Hlaðvarpsstúdíó (podcast -búnaður) er hægt að fá lánað og nýta í verkefnavinnu eða til hlaðvarpsgerðar. Bókasafnið lánar einnig innan skólans DVD-myndir, reiknivélar, heyrnartól, spil, hringfara, reglustikur, föndurdót og hljóðnemasett til notkunar fyrir nemendur. Hægt er að koma með síma og önnur tæki í hleðslu á safninu. Starfsfólk safnsins aðstoðar nemendur við notkun tækjanna.

Átta borðtölvur eru á safninu, þar af fjórar nýlegar með Windows 11 stýrikerfinu. Á safninu má einnig finna plöstudarvél, ljósritunarvél, skanna og tvo nemendaprentara og er annar þeirra litaprentari.

Einn liður í starfsemi bókasafnsins er að vekja athygli á bókum og lestri. Það er gert með því að stilla upp bókum á þar til gerðan bókastand. Uppstillingar tengdust ákveðnum dögum eða þemum eftir því hvað var efst á baugi í samfélaginu. Meðal uppstillinga má nefna bókasafnsdaginn en að þessu sinni var slagorðið „Lestur er glæpsamlega góður“. Í kjölfarið fylgdi Dagur íslenskrar náttúru þar sem vakinn var athygli á fjölbreyttum bókakosti sem tengist náttúru og umhverfi. Einnig má nefna Evrópska tungumáladaginn, Nóbelsverðlaunin í bókmenntum, bleikan október þar sem bleikum bókum var stillt upp, hrekkjavöku og Dag íslenskrar tungu. Jólabækurnar fengu sinn sess í desember og var starfsfólki boðið á bókakynningu. Standurinn hélt áfram að þjóna tilgangi sínum á vorönn með breytilegum útstillingum á bókum, t.d. tengdum bókmenntahátíð, og í lok vorannar voru bækur um eldgos og lífríki náttúrunnar í aðalhlutverki.

Lestrarhvatningu var einnig beint að kennurum með því að benda á þjónustu varðandi bókavagna með fræðibókum sem hægt er að fá út í stofur vegna verkefnavinnu. Einnig var öllu starfsfólki bent á bókakost safnsins til að nýta sér fyrir sumarlesturinn.

Fjölbreytt vinnuaðstaða á safninu fellur vel í kramið hjá nemendum og bókasafnið er ágætlega nýtt meira og minna allan daginn og þegar líða tekur á önn eykst aðsókn enn frekar. Margmiðlunarrými, hljóðsófar, snúningsstólar, lesbásar, lesstofa og lestrarhornið/hannyrðahornið eru allt vinsæl rými og mikið notuð af nemendum. Á haustönn var tekið í notkun svokallað hannyrðahorn/lestrarhorn en þar er boðið upp á góða aðstöðu til að grípa í hannyrðir. Á staðnum er gærn, þrjónar, heklunálar og

handavinnubækur. Með fjölbreyttu vinnurými og þjónustu er vonast til að skapa rými til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Sem fyrr er það hlutverk starfsfólks að styðja við nám og starf í MH.

Á haustönn var opnunartími bókasafnsins frá 8:00-17:00 nema á föstudögum en þá var opið til kl. 15:00. Í desemberprófum var bókasafnið opið alla virka daga frá kl. 8:00-17:00.

Á vorönn var opnunartíma breytt vegna sparnaðar en þá var opið frá 8:00-16:30 og á föstudögum til kl. 14:00. Í vorprófum var sami opnunartími.

4.9 Kynningarmál

Í lok árs 2024 var ákveðið að búa til kynningarmyndband um skólann sem átti að höfða til nýnema haustannar 2025. Handritið að myndinni kom frá stjórnendum MH ásamt skjalastjóra og var það mikil og skemmtileg vinna. Nemendur tóku virkan þátt í gerð myndarinnar og léku aðalhlutverkin. Annar leiklistarkennari skólans sá um að tala inn á myndbandið og var bæði settur íslenskur og enskur texti við það. Myndbandið var gefið út í nokkrum mismunandi lengdum og nýttist það skólanum bæði sem auglýsing á heimasíðunni og á Instagram.

Í byrjun febrúar buðu náms- og starfsráðgjafar skólans námsráðgjöfum úr grunnskólum höfuðborgarsvæðisins á kynningarfund. Þar var farið yfir það helsta sem MH hefur upp á að bjóða og spurningum svarað um umsóknarferlið.

Í byrjun mars var opið hús fyrir 10. bekkinga og aðstandendur þeirra. Kynningin tókst vel og almenn ánægja var með innihaldið og skipulagið, kórsönginn og kynnisferðir nemenda um skólann. Náms- og starfsráðgjafar og kennarar í námsveri voru á staðnum til að kynna námsbrautir skólans ásamt því að svara almennum fyrirspurnum. Kynningarmyndbandið var látið rúlla á skjám skólans og hlaut það mikið lof gesta.

Nýr umsóknarvefur fór í loftið þegar opnað var fyrir umsóknir á fjölnámsbraut og var verið að vinna í honum fram eftir sumri.

Allt [kynningarefni skólans](#) er aðgengilegt á einum stað á heimasíðu skólans. Þar má fræðast um skólastarfið, skoða bygginguna og kennslustofur, sjá viðtöl við MH-inga og skoða nýja myndbandið.

4.10 Samstarf við grunnskóla Reykjavíkur

Í mörg ár hafa 10. bekkingar geta tekið áfanga í stærðfræði í samstarfi við MH og mætt í skólann til að þreyta lokapróf. Flest taka einn áfanga yfir heilt skólaár og koma í próf að vori. Skólaárið 2024 til 2025 tóku 82 nemendur próf í fyrsta áfanga en 8 í öðrum áfanga. Kennarar í MH eru tengiliðir við grunnskólana og hafa afhent verkefni og kennslubækur. MH - kennarar sjá um að fara yfir prófin og einkunnir eru skráðar í Innu. Nemendur sem ekki ná viðkomandi áfanga fá ekki einkunn færða inn í Innu og þar með fer áfanginn ekki inn á námsferil nemendanna. Þetta átti við um 10 nemendur í fyrsta áfanga og einn í öðrum, veturinn 2024-2025.

Grunnskóli	Fjöldi prófa haust 2024	Fjöldi prófa vor 2025
Austurbæjarskóli		11
Foldaskóli		10
Hagaskóli	2	23
Hlíðaskóli		16
Landakotsskóli	3	15
Réttarholtsskóli		10
Samtals	5	85

4.11 Græn skref

MH hefur tekið þátt í verkefninu Græn skref frá því í byrjun nóvember 2020. Verkefnið er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Teymi Grænna skrefa í MH skipa rektor, konrektor, fjármálastjóri, skjalastjóri, umsjónarmaður fasteigna, fulltrúi á skrifstofu og kennari ásamt fulltrúa kennara úr umhverfisnefnd.

MH hefur lokið öllum fimm Grænu skrefunum og sett á fót sitt eigið umhverfisstjórnunarkerfi. Það byggist m.a. á umhverfis- og loftslagsstefnu, markmiðssetningu, aðgerðaáætlun, fræðsluáætlun og ýmiss konar verklagsreglum. Verklagsreglurnar tryggja hlítinu laga, framkvæmd aðgerða, eftirfylgni, rýni og stöðugar umbætur á kerfinu.

Skólinn hefur unnið eftir umhverfisstjórnunarkerfinu frá og með vorönn 2024. Ýmsar aðgerðir eru framkvæmdar á hverju ári eins og kveðið er á um í aðgerðaáætlun. Stöðugt er unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að spara orku, minnka úrgang, auka endurvinnslu og fækka flugferðum á vegum skólans. Árangurinn er ágætur á sumum sviðum en flóknara er að eiga við önnur. Til dæmis hefur heildarmagn úrgangs minnkað ár frá ári og endurvinnsluhlutfall aukist en erfiðara er að stýra orkunotkun í húsinu og losun vegna flugs. Helsta áskorunin tengist síðasttalda þættinum þar sem nemendur fara árlega í námsferðir til útlanda, til dæmis í tengslum við tungumálanám.

Skólinn hefur kolefnisjafnað alla losun frá árinu 2022.

4.12 Jafnréttismál


Undanfarin tvö ár hefur ráðgjafi jafnréttismála starfað í MH undir starfsheitinu jafnréttis- og samskiptaráðgjafi. Viðkomandi er nemendum og starfsfólki MH til ráðgjafar og stuðnings. Ráðgjafi jafnréttismála heldur utan um jafnréttisfræðslu fyrir nýnema og útskriftarefni, kemur að stefnumótun skólans í jafnréttismálum og tekur á móti ábendingum og athugasemdum. Nemendur hafa kost á að leita til viðkomandi með tilkynningar í tengslum við ofbeldi, áreitni og óvelkomna hegðun í skólaumhverfinu.

[Jafnréttisáætlun skólans](#) var uppfærð í janúar 2025 og var kynnt fyrir starfsfólki og sett á heimasíðu skólans.



Starf jafnréttis- og samskiptaráðgjafa mun skiptast á tvo aðila frá og með hausti 2025 þar sem jafnréttis- og samskiptaráðgjafi skólans hætti störfum vorið 2025. Samskiptaráðgjöfin færir yfir á herðar sálfræðings skólans og kennari í félagsgreinum og á fjölnámsbraut tekur að sér hlutverk jafnréttisráðgjafa.

4.12.1 Jafnréttisstuðlar

Myndirnar hér fyrir neðan sýna jafnréttisstuðla miðað við haustið 2025:



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026



4.12.2 Umsóknir um laus störf

Fyrir haustið 2025 voru auglýstar fimm stöður á Starfatorgi og bárust 66 umsóknir. Í nokkrum tilfellum voru umsækjendur ekki með kennsluréttindi eða réttindi í viðkomandi grein. Í ensku, íslensku og stærðfræði voru tveir ráðnir, annar í starfið sem var auglýst og hinn til að kenna áfanga sem vantaði að manna.

Auglýsingar fyrir haust 2025	Umsóknir			Viðtal		Ráðning
Auglýsingar	Samtals	kk	kvk	kk	kvk	
Stærðfræðikennari - afleysing	8	4	4	1	1	kvk
Íslenskukennari - staða	23	11	12	4	3	kvk
Dönskukennari - afleysing	5	1	4	1	2	kvk
Enskukennari - staða	20	7	13	3	0	kk
Sálfræðikennari - afleysing	10	2	8		1	kvk
Aðrar ráðningar						
Enskukennari - viðbót í eitt ár vegna afleysinga						kk
Stærðfræðikennari - viðbót í eitt ár vegna veikinda						kk
Íslenskukennari - viðbót í eina önn vegna kennslumagns						kvk

4.13 Skjalamál

MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri en þegar afhending er rafræn skal skila á 5 ára fresti. Skólinn þarf þó að geta afgreitt sjálfur allar utanaðkomandi beiðnir um afhendingu rafrænna skjala í 30 ár eftir að Þjóðskjalasafn hefur fengið gögnin til varðveislu.

Haustið 2024 barst skólanum staðfesting á að vörsluútgáfu rafrænna skjala tímabilsins 2018-2023 hefði verið skilað úr GoPro til Þjóðskjalasafns en unnið hafði verið að skilunum mánuðum saman á síðasta skólaári. Núverandi skjalatímabili lýkur sumarið 2028 og þá mun skólinn að líkindum skila rafrænt í annað sinn.

Skjalastjórnarkerfið GoPro heldur utan um öll skjöl skólans sem eru skilaskyld og eykst fjöldi mála og skjala jafnt og þétt eftir því sem tíminn líður. Notendur kerfisins í MH eru 13 talsins. Nokkuð hefur verið um mannabreytingar í störfum þeirra sem nota kerfið svo skjalastjóri hefur haft í ýmsu að snúast varðandi það. Verkefni hans er t.d. að setja kerfið upp á tölvum notenda, kenna nýjum notendum á það og bregðast við vandræðum sem óhjákvæmilega koma upp öðru hvoru.

Skjöl jafnlaunakerfis MH eru vistuð í GoPro og haustið 2024 fór fram nokkur endurskoðun á þeim. Skólinn gekkst undir árlega úttekt á kerfinu vorið 2025 og hlaut endurnýjaða vottun án athugasemda.

Skjalastjóri sótti fund á vegum Irmu, félags um skjalastjórn, um gæðamál og sat einnig fundi með félagsskap sem nefnist Sopi en þar ráða skjalastjórar opinberra stofnana og fyrirtækja ráðum sínum. Einnig nýtti skjalastjóri sér fræðslunámskeið af ýmsu tagi hjá Þjóðskjalasafni og sat námskeið um gæðastjórnun hjá EHÍ.

Af pappírsskjölum MH er það helst að fréttu að skjalastjóri hefur haldið áfram að senda grisjunarbeiðnir til Þjóðskjalasafns því upp úr gömlum kössum hafa komið skjöl sem líta ekki út fyrir að vera skilaskyld. Nokkur tími fór í það á vorönn 2025 að flokka skjöl sem geymd voru í skápum á rektorsskrifstofu og er því verki ekki lokið. Samhliða þeirri flokkunarvinnu var áfram unnið að því að pakka ýmsum skjalaflokkum í öskjur og halda góðu skipulagi á pappírsskjölum í ágætri skjalageymslu á 1. hæð.

Samstarf skjalastjóra framhaldsskólanna er töluvert en þeir deila sérstöku svæði á Teams sem heldur utan um margs kyns fróðleik og spjall þeirra á milli.

4.14 Persónuvernd í MH

Eitt af hlutverkum persónuverndarfulltrúa er að sinna fræðslu um persónuvernd bæði til nemenda og starfsfólks sem og sækja sjálfur fræðslu þegar hún er í boði. Kynning á málaflokknum fór fram í öllum lífsleiknihópum nýnema haustið 2024 og á fundi með stjórn NFMH og forsvarsfólki ráða og nefnda félagsins. Nýtt starfsfólk fékk líka kynningu á fundi. Persónuverndarfulltrúi sótti málþing Persónuverndar um gagnamenningu og öryggi persónuupplýsinga í nútímasamfélagi í janúar 2025.

Önnur verkefni persónuverndarfulltrúa fólust m.a. í stefnumörkun og álitsgjöf vegna ýmissa mála sem upp komu í skólasamfélaginu sem og gerð vinnslusamninga. Vinnslusamningur var gerður við sænskt fyrirtæki, Duggu, en það býður upp á læstan vafra svo nemendur geti tekið próf í tölvum án þess að geta nýtt internetið á meðan. Samningur var einnig gerður við nýjan eiganda Innu, InfoMentor, en persónuverndarfulltrúar framhaldsskólanna unnu mikla vinnu í tengslum við gerð þess samnings. Hver framhaldsskóli fyrir sig þarf svo að undirrita samning um skipta ábyrgð við ráðuneyti menntamála, í tengslum við samninginn við InfoMentor. Drög að honum urðu til vorið 2025 en ekki tókst að ljúka vinnu við hann áður en sumarleyfi hófst. Aðrar breytingar á vinnslusamningum voru helst þær að NFMH hætti viðskiptum við Tix.is og færði miðasölu annað þar sem nemendur skráðu sjálfir inn upplýsingar um sig.

Persónuverndarfulltrúi er í góðu samstarfi við persónuverndarfulltrúa annarra framhaldsskóla en hópurinn á sameiginlegt svæði á Teams.

4.15 Matsalan – Sómalía

Góður aðgangur að heitum mat í hádeginu og hollum kosti skiptir miklu máli. Nemendur hafa nýtt sér vel framboðið í matsölunni og virðast ánægðir með hana. Kokkurinn í Sómalíu sagði upp í lok haustannar 2024 og ákveðið var að ráða nýútskrifaðan kokk frá Menntaskólanum í Kópavogi. Hann tók við í janúar, strax að loknu sveinsprófi. Hann reyndist vel og setti sinn svip á matsöluna. Hann hafði ekki tök á því að vera áfram þar sem hugur hans leitaði á önnur mið. Haustið 2025 hóf nýr matráður störf í eldhúsi Sómalíu undir handleiðslu kokksins í mötuneyti starfsmanna.

Nemendur hafa undanfarin ár unnið í tímavinnu í Sómalíu en nú reynist erfiðara að manna vaktir þar. Möguleg skýring er að stundatafla nemenda er þéttsetin þar sem náminu hefur verið þjappað saman á færri ár en ef til vill hefur áhugi þeirra á starfinu einnig minnkað.

Haustið 2025 var ráðinn inn starfsmaður í gegnum VMST til að vinna 50% í kringum álagstíma í hádeginu. Þetta er tilraun til einnar annar og verður séð til með framhaldið. Nemendafélag skólans á Sómalíu og þarf að skoða vel hvernig best er að hagræða og reka matsöluna. Umfangið hefur aukist heilmikið og veltan og álagið einnig. Því er væntanlega kominn tími á að endurskoða hvernig best sé að reka hana.

4.16 Húsnæðið

Það er alltaf nóg að gera í framkvæmdum og skólaárið 2024-2025 fóru eftirfarandi framkvæmdir fram í húsnæðinu.

- Stillanleg ledljós voru sett í stofur 26 og 27 og í stofur á vesturgangi hússins.
- Mikligarður var málaður.

- Undirheimar – leiklistaraðstaða nemenda, gólf málað og ný ledlýsing sett upp. Þessi aðstaða er einnig notuð til kennslu ef hátíðarsalurinn er upptekinn.
- Dúkur á þaki yfir suðausturhluta gömlu skólabyggingarinnar lagaður.
- Sómalía – ýmislegt lagað eins og hornlistar settir á vegg og plata á bakkagrind.
- Handlisti settur meðfram stiga upp á skrifstofu.
- Fast loft sett í stað einingalofts á klósettum í nýju byggingunni (9 stk.) og málað.
- Timburgólf fyrir utan vöruafgreiðslu á vesturhlið lagað.
- Nýir upplýsingaskjái settir upp og kerfi tengt þeim.
- Byrjað á að setja þak yfir svalir í íþróttahúsi, verk enn í gangi.
- Skólinn rampaður upp við kennarainnganginn á norðurhlið.

Þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar sumarið 2025 og eitthvað fram á vetur:

- Skipta á um glugga á austurhlið, byrja á 7 gluggum. Vinna við það ekki hafin í september 2025.
- Skipta um útihurðir. Setja rennihurðir á suðurhlið (2 stk.), vesturhlið (gamli aðalinngangurinn) ytri og innri hurð og kennarainngang (ytri hurð). Vinna við þetta ekki hafin í september 2025.
- Skipta um loftplötur og ljós á vesturgangi. Skipta um loft í 6 stofum og ljós í 5 stofum. Vinnu við þetta var lokið í ágúst.
- Halda áfram að byggja þak yfir svalir í íþróttahúsi. Verk í vinnslu.

5 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert og bæti það sem betur má fara. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er virkt allt skólaárið. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára hefur verkefnalisti verið settur fram en engin sjálfsmatsáætlun, þótt það hafi staðið til, og þarf að bæta úr því.

5.1 Verkefni skólaársins 2024-2025

Í skýrslu síðasta skólaárs var minnst á eftirfarandi verkefni:

Afreksíþróttaval í MH: Haustið 2024 var afreksíþróttamönnum sem stunda nám við skólann boðið að sækja um að íþróttaiðkun þeirra verði hluti af náminu. Það er nýtt verkefni að fylgja þessu úr hlaði og sjá hvernig þetta gengur.

Niðurstaða: Verkefnið gekk vel og er komið til að vera. Haustið 2024 voru 28 nemendur í áfanganum og vorið 2025 voru þau 29. Nýnemar eru ekki settir í áfangann en bætast við eftir fyrstu önnina. Endurskoðað hefur verið hvernig nemendur skrá sig í afreksíþróttir og ýmsar aðrar vangaveltur um framkvæmdina.

60 ára afmæli MH: Hefja þarf undirbúning vegna 60 ára afmælis skólans.

Niðurstaða: Engin vinna er farin í gang en búið að viðra hugmyndina við Hollvinasamtök skólans og þau eru tilbúin að aðstoða okkur. Búið er að kalla eftir hugmyndum starfsfólks um hvernig halda eigi upp á afmælið og er næsta skref að stofna afmælisnefnd.

Vinnuaðstaða: Fara þarf í breytingar á vinnuaðstöðu kennara sem fyrst. Sumarið 2024 voru gerðar nokkrar breytingar sem munu klárast haustið 2024.

Niðurstaða: Ný vinnuaðstaða er komin í stofu 34, stofa 17a er orðin að vinnuaðstöðu fyrir deildarstjóra fjölnámsbrautar ásamt kennurum deildarinnar. Setustofu á 1. hæð var breytt í vinnurými sem nýtist t.d. jafnréttisráðgjafa og hjúkrunarfræðingi. Einnig var einu vinnuherbergi breytt í fundarherbergi og kom það í staðinn fyrir stofu 17a sem var breytt í vinnuherbergi.

Rafvæða innganga. Setja á upp kortalesara við nokkra innganga í húsinu.

Niðurstaða: Vinna við þetta er í gangi. Laga þurfti hurð í Norðurkjallara sem hefur verið gert og er verið að bíða eftir að breyta öðrum hurðum í rafmagnshurðir. Verkefnið dregst á langinn en stefnt er að því að þetta komist í gagnid í september.

Gæðakerfi: Kanna hvort skólinn geti ráðist í að innleiða gæðakerfi eins og t.d. CCQ.

Niðurstaða: Fjármálastjóri, konrektor og skjalastjóri fóru á námskeið í gæðamálum en ekkert meira hefur gerst. Einnig fékk hópurinn kynningu frá HR Monitor á mannauðsmælingum og mun væntanlega vera farið í nánari þælingar á því í haust.

5.2 Verkefni skólaársins 2025-2026

Útidyrhurðir: Setja rafmagnshurðir við þrjá innganga að húsinu. Búið að fá samþykki fyrir því (8. sept). Rafmagnshurðirnar yrðu settar fyrir innan þær sem eru fyrir svo útlit hússins breytist ekki.

Gluggar: Taka þarf í gegn alla glugga á austur-, suður- og vesturhlið hússins og mun vinna hefjast sumarið 2026.

Norðurkjallari: Yfirdekkja þarf sófa og pullur. Tilboð hafa borist og nú þarf NFMH að ákveða hversu mikið á að gera. NFMH ber kostnaðinn.

Íþróttahús: Byggja yfir svalir þar sem þær leka – vinna hafin sumarið 2025.

Nýnemar: Einingum í töflu var fækkað á nýnema haustannar 2025. Ein ástæða þess er að þau voru svo mörg að það þurfti að grípa til þessa ráðs til að koma fleiri nemendum fyrir. Einnig hafði verið rætt áður að prófa þetta og skoða hvaða áhrif það hefði á loknar einingar nýnema eftir önnina.

5.3 Aðgerðaáætlun til næstu ára

Þjónustukannanir: Leggja kannanir fyrir nemendur á hverri haustönn. Annað hvert ár um stoðþjónustu og hitt árið um skrifstofu og stjórnendur.

- Þessu var ekki fylgt eftir veturinn 2024 til 2025 og því aðkallandi að gera það.

Skólapúlsinn: Kanna markvisst líðan nemenda á hverju ári í gegnum könnunina Skólapúlsinn.

Menntabúðir: Halda kennslufræðiráðstefnu með öðrum skólum annað hvert ár. Menntabúðir voru haldnar með fjölda framhaldsskóla í mars 2024 undir yfirskriftinni starfsþróunardagur framhaldsskólanna.

- Menntabúðir verða vorið 2026 í FÁ.

Skólaþróunarteymi. Skv. nýgerðum kjarasamningum kennara við ríkið á hver skóli að skipa skólaþróunarteymi þar sem eru 3 fulltrúar kennara og 3 fulltrúar stjórnenda. Teymi MH var stofnað

vorið 2025 og tekur til starfa haustið 2025. Kennarar fá greitt eitt launaprep í eitt ár og 2 klst. á mánuði í 9 mánuði.

Tölvur og tækni: Halda áfram að endurnýja tölvukost starfsfólks sem hófst 2021.